

Mál nr. 146/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Greiðslukortatrygging

Gildissvið váttryggingarskilmála. Forföll.

Gögn.

1. Málskot móttakið 19. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 9. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M átti pantaða ferð til Dubai dagana 18. febrúar – 5. mars 2022 með millilendingu í Kaupmannahöfn. M fór í Covid próf daginn fyrir brottför en niðurstaða þess prófs kom ekki fyrr en seint að kvöldi 18. febrúar er M var kominn til Kaupmannahafnar. Nauðsynlegt var að leggja fram neikvætt Covid próf til þess að fá inngöngu inn í Dubai og því varð ekkert af fyrirhuguðu flugi frá Kaupmannahöfn til Dubai þar sem M þurfti að vera í einangrun í Kaupmannahöfn í 4 daga. M fer fram á endurgreiðslu úr kreditkortatryggingu sinni vegna ferðarinnar á þeim grundvelli að veikindin hafi verið til staðar er ferðin hófst þ.e. að miða skuli veikindadag við þann dag sem Covid prófið var tekið en ekki þann dag sem niðurstaðan barst.

V telur að bótaskylda sé ekki fyrir hendi úr forfallatryggingu kortatryggingar vegna ferðarinnar. Vísar V til þess að í grein 6.1.9 í váttryggingarskilmála kortatryggingarinnar komi fram að skilyrði greiðslu vegna forfalla sé að forföllin verði fram að brottför frá heimili váttryggðs. M hafi hafið ferð sína er hann hélt af stað til Kaupmannahafnar.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort M eigi rétt á bótum úr forfallatryggingu kreditkortatryggingar hjá V vegna ferðar til Dubai með millilendingu í Kaupmannahöfn dagana 18. febrúar – 5. mars 2022. Samkvæmt grein 6.1 í váttryggingarskilmálum kortatryggingarinnar bætir félagið ferðakostnað sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, að hámarki kr. 400.000 vegna hvers einstaks váttryggingaratburðar, ef hinn váttryggði kemst ekki í ferð af ástæðum sem taldar eru upp í greinum 6.1.1 – 6.1.9. Miðað við fyrirliggjandi gögn liggur ekki annað fyrir en að M hafi verið farinn frá heimili sínu í umrædda ferð áður en til forfalla kom þ.e. ferðalagið hafi verið hafið er í ljós kemur að hann var smitaður af Covid og á M því ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu sinni hjá V sbr. ákvæði í grein 6.1.9 í váttryggingarskilmálum kortatryggingarinnar þar sem fram kemur að bætur eru greiddar vegna forfalla sem verða fram að brottför frá heimili váttryggðs.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kreditkortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir